

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Listasjóð Ólafar.

1. gr.

Stofnendur.

Stofnendur Listasjóðs Ólafar, sjóðs til styrktar listsköpun hreyfihamlaðra til minningar um Ólöfu Pétursdóttur dómstjóra, eru Friðrik Pálsson, kt. 190347-3629, Marta María Friðriksdóttir, 150587-3289 og Ingibjörg Guðný Friðriksdóttir, kt. 240389-2589, öll til heimilis að Vesturbrún 18, 104 Reykjavík.

2. gr.

Framlag. Tilgangur.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 sem stofnendur leggja fram.

Tilgangur sjóðsins er stuðningur við listsköpun hreyfihamlaðra einstaklinga.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Ábyrgð.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hann er óháður öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

Starfsemi.

Sjóðurinn er stofnaður til að styðja við hvers konar listsköpun hreyfihamlaðra einstaklinga. Reynsla héraðs sem og erlendis hefur sýnt að það eykur lífsgæði þeirra að geta numið og stundað listsköpun af ýmsum toga. Er sjóðnum ætlað að ná því markmiði með því að veita slíkum einstaklingum fjárstyrk skv. ákvörðun sjóðstjórnar.

Stofnféð skal ávaxta með tryggilegum hætti skv. ákvörðun sjóðstjórnar. Úthlutun úr sjóðnum er ekki eingöngu bundin við ávöxtun stofnfjár heldur er stjórninni einnig heimilt að úthluta af stofnfé ef hún telur þess þörf til að ná tilgangi sjóðsins. Þó skal óskerðanlegt stofnfé nema kr. 1.000.000.

Þá getur sjóðurinn aukið höfuðstól sinn með því að veita viðtöku framlögum frá einstaklingum og lögaðilum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum tilnefndum af stofnendum til fimm ára í senn. Njóti engra stofnenda lengur við munu afkomendur þeirra velja nýja stjórnarmenn.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundi stjórnar.

7. gr.

Starfssvið og skyldur stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans og að framfylgt sé meginmarkmiðum skipulagskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin sér um að haldið sé bókhald fyrir sjóðinn.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stofnendum skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Breyting á stofnskrá.

Stofnendur geta ekki breytt stofnskrá þessari. Með samhljóða atkvæðum allra stjórnarmanna má breyta stofnskránni í veigaminni atriðum.

10. gr.

Slit sjóðsins.

Sjóðnum verður slitið ef stjórnin samþykkir slíka tillögu með auknum meirihluta atkvæða (2/3) í lögumatri atkvæðagreiðslu. Leita skal samþykkis sýslumannsembættisins á Sauðárkróki fyrir slitum. Við slit skulu eignir sjóðsins renna til Hollvínasamtaka Grensáss.

11. gr.

Reikningar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin ræður til eins árs í senn.

12. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 8. maí 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.